

**Nd. 286. Frumvarp til laga**

um almennan vinnuskóla ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

**Tilgangur og stjórn.**

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta starfrækja vinnuskóla fyrir unga menn, og nefnast skólar þessir einu nafni hinn almenni vinnuskóli ríkisins.

2. gr.

Tilgangur starfseminnar er:

- a) að veita þátttakendum heilbrigt vinnuuppeldi, leiðbeina þeim í vinnutækni og veita þeim fræðslu um almenn lögmál vinnunnar,
- b) að venja þá við stundvísu, hirðusemi og aga,
- c) að efla líkamshreysti þeirra með heilnæmu viðurværi, einfaldri aðbúð og iðkunum íþróttu,
- d) að glæða með þeim áhuga og skilning á félagslífi og samstarfi, og
- e) að vekja með þeim starfslöngun og virðingu fyrir vinnunni.

3. gr.

Fræðslumálastjórnin hefir yfirstjórn skólanna og tekur sér til aðstoðar búa-  
aðarmálastjóra, skógræktarstjóra og aðra þá, er ætla má, að bezt skyn beri á verk-  
efni þau, sem skólunum eru valin í hvert sinn.

4. gr.

Kennslumálaráðherra skipar forstöðumann hins almenna vinnuskóla ríkisins.

5. gr.

Fræðslumálastjórnin

- a) ræður kennara og aðra starfsmenn einstakra vinnuskóla, að fengnum tillögum forstöðumanns,
- b) ákveður, hvaða verkefni skuli unnin af hverjum vinnuskóla á hverju ári, og annast undirbúning þeirra,
- c) sér um undirbúningsmenntun og þjálfun kennara og annara starfsmanna.

6. gr.

Forstöðumaður hins almenna vinnuskóla ríkisins hafi að árslaunum 6000 kr.  
Kostnaður vegna ferða hans til eftirlits og leiðbeininga í einstökum vinnu-  
skólum greiðist eftir reikningi.

Skylt er forstöðumanni að stýra vinnuflokki í allt að 2 mánuði á ári, ef fræðslumálastjórnin krefst þess.

**Framkvæmdir vinnuskólanna.**

7. gr.

Framkvæmdir vinnuskóla skulu vera þjóðnytjaverk, svo sem:

1. Nýbýlaræktun.
2. Fyrirhleðslur og áveitur.
3. Skógrækt.
4. Sandgræðsla.
5. Lendingarbætur fyrir báta í litlum kaптúnunum eða verstöðvum, sem ekki geta staðið straum af slíkum framkvæmdum.
6. Lendingarbætur fyrir flugvélar, einkum í kaптúnunum og sveitum.
7. Fjallvegir milli héraða og ferðamannaleiðir til afskekkttra, fagurra og skemmtilegra staða.
8. Íþróttasvæði, sólskýli, sundlaugar og lögun á sjávarströnd til sundiðkana nálægt kaupstöðum, kaптúnunum, öðru þéttbýli og sumargististöðum.
9. Vernd og viðhald náttúruminja og fornra mannvirkja. Aðstoð við visindalegar rannsóknir rannsóknarleiðangra, fyrst og fremst í þágu atvinnuveganna, en einnig þegar um er að ræða hverskonar rannsóknir á eðli landsins og íbúa þess, svo sem rannsóknir í landafræði, jarðfræði, veðurfræði, dýrafræði, mannfræði, heilbrigðisfræði, einnig fornleifarannsóknir o. s. frv.
10. Hverskonar almenn hjálparstarfsemi, sem þörf er á vegna hættu eða skemmda af náttúrunnar völdum.

Þegar sérstaklega stendur á vegna ófyrirsjáanlegra atvika, svo sem eldsvoða, óþurrka, flóða o. s. frv., skal stjórn vinnuskólanna heimilt að senda vinnuflokka til aðstoðar einstaklingum.

**Lengd námstíma, húsakynni, vinna og nám.**

8. gr.

Kennslumálaráðherra ákveður árlegan starfstíma einstakra vinnuskóla, að fengnum tillögum forstöðumanns. Hvert námskeið í vinnuskóla standi þó eigi skemur en í 2 — tvo — mánuði.

#### 9. gr.

Við val verkefna skal höfð hliðsjón af því, hvort unnt sé að hagnýta sem bæki-  
stöð fyrir einstaka vinnuskóla húsakynni, sem eru í eign hins opinbera, svo sem  
hús barna- eða unglingskóla o. s. frv.

#### 10. gr.

Vinnuskólapiltar skulu daglega vinna líkamlega vinnu í 6 stundir. Auk þess  
skal einni stund varið til fræðslu um lögmál vinnunnar og vinnutækni, eða sögu  
þjóðarinnar og náttúru landsins. Kennslan skal miða að því að glæða áhuga nem-  
endanna á félagslífi og samstarfi, bindindi um skaðlegar nautnir, vinnu, frelsi  
þjóðarinnar og lýðræði. Einni stund skal og daglega varið til íþróttastarfsemi, og  
skal sérstök áherzla lögð á félagslegar íþróttir, leikfimi, glímu og sund.

#### 11. gr.

Vinnuskólapiltar skulu fá ókeypis húsnæði, eða vist í skýlum eða tjöldum,  
fæði, kennslu og afnot ytri vinnufata, þar á meðal skófatnaðar og hlífðarfata. Auk  
þess skulu þeir fá greitt kr. 0.50 fyrir hvern virkan dag, er námskeiðið hefir staðið.

### Nemendur.

#### 12. gr.

Inntökuskilyrði í vinnuskóla eru þessi:

- 1) að umsækjandi sé fullra 18 ára, en yngri en 22 ára.  
Ef rúm leyfir og forstöðumaður telur ástæðu til, má þó veita undanþágu  
frá þessum aldursákvæðum, enda sé umsækjandi fullra 16 ára eða eigi fullra  
24 ára.
- 2) að umsækjandi hafi — að áliti læknis — heilbrigði til að stunda nám og vinnu  
í skólanum og sé eigi haldinn af næmum sjúkdómi.

#### 13. gr.

Á meðan skólinn stendur yfir skulu nemendur vera háðir lækniseftirliti, enda  
er læknishjálpi við skólann ókeypis fyrir þá og greiðist af skólanum, að svo miklu  
leyti sem þeir eru ekki tryggingarskyldir í lögboðnu sjúkrasamlagi, er skylt sé að  
greiða sjúkrakostnað þeirra.

#### 14. gr.

Að loknu námi skal hverjum nemanda afhent skirteini, er sýni, hversu hann  
hafi leyst námið og störf af hendi, og skal haga gjöf vitnisburðar samkv. nánari  
ákvæðum reglugerðar.

Þeir, sem lokið hafa námi í vinnuskóla og hlotið loflegan vitnisburð, skulu  
siðar, að öðru jöfnu, ganga fyrir vinnu hjá hinu opinbera.

### Kostnaður. Reglugerðir.

#### 15. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr rikissjóði. Ef verk, sem  
unnin eru samkv. 7. gr., eru leyst af hendi í þágu einstakra bæjar- eða sveitarfélaga  
og samkvæmt beiðni þeirra, skal þeim þá skylt að greiða nokkurn hluta kostnaðar,  
eða allt að helmingi, samkv. nánari ákvæðum reglugerðar, enda gangi umsækj-  
endur búsettir í því bæjar- eða sveitarfélagi fyrir öðrum um vist í þeim vinnu-  
skóla, er verkið vinnur.

#### 16. gr.

Kennslumálaráðherra setur allar reglugerðir, er lúta að einstökum ákvæðum  
laga þessara og framkvæmd þeirra.

## Ákvæði til bráðabirgða.

### 17. gr.

Fyrst um sinn, eða unz öðruvisi verður ákveðið með lögum, skulu piltar, sem unnið hafa að framleiðslu- eða ræktunarstörfum í sveit eigi skemur en í 6 — sex — mánuði frá 16—22 ára aldri og hafa hlotið loflegan vitnisburð húsbænda sinna, njóta sömu réttinda og jafnaldrar þeirra, er lokið hafa námi í vinnuskóla (sbr. 14. gr.), enda hafi fyrirmælum reglugerðar vinnuskólanna um gjöf vitnisburðar verið fylgt og hann staðfestur af óvilhöllum mönnum, er fræðslumálastjórnin viðurkennir.

### 18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta fyrir tilmæli forsætisráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að gera breytingartillögur. Nefndin hefir aflað kostnaðaráætlunar, sem prentuð er hér með sem fylgiskjal, ásamt ýmsum skýringum.

Fr. fylgdi eftirfarandi greinargerð.

Frumvarp þetta hefir Lúðvig Guðmundsson skólastjóri samið, eftir að hafa dvalið erlendis á vegum ríkisstjórnarinnar og kynnt sér þessi mál. Auk þess hefir nefnd sú, er kennslumálaráðuneytið skipaði á síðastliðnu sumri til þess að endurskoða fræðslulöggjöfina, haft frumvarpið til athugunar og gert á því nokkrar breytingar. Er frumvarpið nú í þeirri mynd, sem nefndin gekk frá því. Í nefnd þessari eiga sæti Jakob Kristinsson fræðslumálastjóri, Sigurður Thorlacius skólastjóri og Jónas Jónsson skólastjóri.

Ef árangurinn af rekstri vinnuskólans, sem frumvarpið fjallar um, verður æskilegur, er gert ráð fyrir, að hann verði upphaf almennrar þegnskylduvinnu hér á landi. Mun starfsemi vinnuskólans afla verðmætrar reynslu um það, hvers megi yfirleitt vænta af þegnskylduvinnu hér.

Meginrökin fyrir stofnun slíks skóla sem þessa er að finna í fyrirlestrum, sem Luðvig Guðmundsson flutti fyrir nokkru í ríkisútvarpið. Voru fyrirlestrar þessir á fyrra hluta þings sendir fjölritaðir til allra alþingismanna, og þykir því ekki ástæða til að taka þá upp í þessa greinargerð.

## Fylgiskjal I.

### Áætlun um kostnað við úthald 64 pilta vinnuskólaflokks.

Áætlunin er gerð af Luðvig Guðmundssyni með aðstoð vegamála skrifstofunnar.

Verkefni: Nýræktarstörf og vegagerð.

Vinnutími: 6 mánuðir (184 dagar, þar af 160 dagar virkir), 7 stunda vinna á dag.

Húsakynni: Leiguhúsnæði, t. d. skólahús, sem til er nálægt vinnustaðnum.

Vinnupiltar: 64 piltar, flestir 18—22 ára að aldri. Fjórir piltanna annist flokksstjórn undir umsjón verkstjóranna. 15 piltar, auk flokksstjóra, eru í hverjum vinnuflokki.

Aðrir starfsmenn: Forstöðumaður, 2 verkstjórar og bryti.

#### I. Kaupgreiðsla og vasapeningar:

1. Kaup forstöðumanns í 186 daga, 18.00 á dag ..	kr.	3348.00
2. — 1. verkstjóra í 166 d., 16.00 á d. ....	—	2656.00
3. — 2. verkstjóra í 160 d., 12.00 á d. ....	—	1920.00
4. — bryta í 190 d., 9.00 á d. ....	—	1710.00
5. Vasapeningar 60 pilta í 160 d., 0.50 á d. ....	—	4800.00
6. — 4 flokksstjóra úr hópi vinnupilta, 160 d. á 1.00 á d. ....	—	640.00
		<b>kr. 15074.00</b>

## II. Friðindi:

1. Fæði 64 pilta í 184 d. og fæði bryta í 190 d. á 1.60 á d. ....	kr. 19145.60
2. Leiga eftir eldavél, eldhús- og matreiðsluáhöld o. þ. h. ....	— 400.00
3. — eftir 68 rúmstæði með rúmfatnaði, á 25.00 .	— 1700.00
4. — — húsnæði í 6 mánuði, 100.00 á mán. ....	— 600.00
5. Slit vinnu- og skófatnaðar á 64 pilta, 45.00 ....	— 2880.00
6. Slit hlífðarfata á 64 pilta, 20.00 .....	— 1280.00
7. Sjúkragögn .....	— 100.00
8. Flutningur manna að og frá vinnustað, 68 manns á 15.00 .....	— 1020.00
9. — matvæla og áhalda .....	— 500.00
10. Eldsneyti .....	— 500.00
11. Simgjöld, ferðalög og ófyrirséð .....	— 300.40
	kr. 28426.00

## III. Annar kostnaður:

1. Leiga eftir 20 hesta í 130 d., 1.00 á d. ....	— 2600.00
2. Hagaganga 20 hesta í 150 d., 0.10 á d. ....	— 300.00
3. Leiga eftir kerrur, aktýgi, handverkfæri o. þ. h. ....	— 2000.00
4. Hestajárn o. fl. ....	— 100.00
	— 5000.00
<b>Samtals</b>	<b>kr. 48500.00</b>

## Fylgiskjal II.

Áætlun frá vegamálastofnunni yfir kostnað við úthald 60 manna vinnuflokks í 4 mánuði (frá miðjum maí til miðs september, 102 virkir dagar).

1. Kaup verkamanna:	
50 verkamenn fullg. í 100 d. = 5000 dv. á 9.00 ....	kr. 45000.00
6 drengir í 100 d. = 600 dv. á 7.00 .....	— 4200.00
4 flokkstjórar í 100 d. = 400 dv. á 12.00 .....	— 4800.00
	kr. 54000.00
2. Kaup hesta:	
24 hestar í 100 d. = 2400 dv. á 1.00 .....	kr. 2400.00
Gæzla hestanna utan vinnutíma .....	— 300.00
Hagaganga 24 hesta í 122 d., 0.10 pr. hest .....	— 300.00
	— 3000.00
3. Verkamannakostnaður:	
Miðað er við leigu og árlegan viðhaldskostnað:	
Eldavél, pottar, könnur, katlar, föt o. fl. ....	kr. 300.00
Eldsneyti, 4 tonn kol á 60.00, timburrusl 60.00 ....	— 300.00
Olía til upphitunar, sérstakl. á fjöllum .....	— 200.00
Flutningar á matvælum, ekið um o. fl., miðað við 60 km. vegalengd, 1 ferð á viku í 18 v. 36.00 ....	— 650.00
Flutningur á verkamönnum að og frá vinnu vor og haust, ca. 10 bilferðir á 36.00 .....	— 360.00
Kaup og fæðiskostnaður 3 matreiðslukvenna í 370 daga á 6.00 .....	— 2200.00
Ferðir verkamanna til heimila sinna annan hvern sunnudag, 4 kr. á mán. í 4 mán. fyrir 60 menn ca.	1000.00
Leiga fyrir skúra til borðhalds og matvælageymslu (matreiðslu- og borðunarskúra) .....	— 400.00

Rúmstæði, tjaldgólf o. fl. ....	kr.	300.00	
Kaup verkamanna að og frá vinnu, 120 dv. á 9.00 ..	—	1100.00	
Ýmislegt óvíst .....	--	190.00	kr. 7000.00
4. Áhöld:			
Ca. 6% af 57 þús. kr. ....	—	3500.00	
5. Verkstjórn:			
Reikningshald, símakostnaður .....	—	2500.00	
			<b>Samtals kr. 70000.00</b>
Kostnaðaráætlun við að kaupa að nýju áhöld til matreiðslu og borðhalds, ásamt skúrum til þess að matreiða og borða í fyrir 60 manna flokk:			
Skúrar, eldhús og borðstofa .....	kr.	2000.00	
Eldavél 300.00, pottar 150.00, könnur, katlar o. fl. 250.00 .....	—	700.00	
65 rúmstæði á 10.00 .....	—	650.00	
23 tjaldbotnar úr borðvið á 20.00 .....	—	460.00	
Ýmislegt .....	—	190.00	
			<b>Samtals kr. 4000.00</b>